


SILUNGSVEIÐAR

1987

TUMI TÓMASSON

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-N/87001 VEIÐIMÁLASTOFNUN




VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

Janúar  
1987

VMST-N/ 87001



7. janúar 1987

### SILUNGSVEIÐAR 1987

Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar óskar veiðibændum gleðilegs árs og þakkar samskiptin á liðnu ári.

Frá 1. febrúar mun Vallia s.f. í Reykjavík vera tilbúið til að kaupa silung frá bændum í Skagafirði að uppfylltum vissum skilyrðum.

1. Lágmarksstærð (lengd) silungs 23 sm, en miðað við bleikju í eðlilegum holdum gæti hér verið um að ræða um 90-100 gramma fisk.
2. Fiskurinn verði allur blóðgaður, slógdreginn og þveginn, utan sem innan, og pakkað í ís til geymslu og flutnings.
3. Umbúðir sem notaðar verði eru frauðplastkassar með fölskum botni, þannig að allt vatn rennur af fiskinum, og hann aldrei látinn liggja í vatni.
4. Höfuðið fylgi fiskinum og verði ekki laust við búkinn.
5. Allir kassar verði merktir veiðibónda/býli og á þá rituð dagsetning veiðidags.
6. Veiðibóndi komi aflanum, vel inn pökkuðum til Reykjavíkur með bíl eða flugi og hringi þá í Björn Jónsson, Vallíu s.f., sími 91-11060, en hann mun þá sjá til þess að fiskurinn verði sóttur á áfangastað í Reykjavík.
7. Bændur beri kostnað af flutningum til Reykjavíkur og umbúðum undir fiskinn.

Stefnt er að því að flytja silunginn ferskan út til Frakklands, en jafnframt að frysta eitthvað í sérstakar umbúðir, einnig til útflutnings, verði framboð mikið. Þar sem hér þarf að vinna upp markað að nýju, er mikilvægt að vel verði að veiðum og frágangi aflans staðið.

Verð fyrir silung sem uppfyllir ofangreindar kröfur verður 120 kr/kg, en Björn mun greiða allt að kr 20/kg umfram sem "bónus" fyrir stærri/betri fisk. Í þessu skini mun hann koma á, í samræmi við viðbrögð markaðarins, einhverskonar flokkunarkerfi sem yrði kynnt nánar síðar.

Bóndanum verði greitt fyrir aflann 1. og 15. hvers mánaðar.

Frauðplastkassarnir sem nota á fást hjá Stjörnusteini í Hafnarfirði. Þar fást tvær stærðir. Þeir stærri rúma um 70 l og kosta 110 kr með loki. Þeir henta vel til að sækja og geyma ís í. Jafnframt má nota þá til að ísa fiskinn beint í að sumrinu og hafa þá með í bátunum þegar vitjað er um.

Minni kassarnir eru um 15 l og kosta 60 kr með loki. Í þessum kössum á að senda fiskinn til Reykjavíkur, og er máttulegt að vera með um 10-12 kg af silungi í hverjum kassa og u.þ.b. 2 kg af ís, enda sé fiskurinn um 0 C þegar pakkað er.

Hægt er að kaupa sérstök hylki, úr vatnsvörðum pappa, til að setja utan um kassana, en ekki er víst að þörf sé á þeim í vetur a.m.k. Búnaðarfélag Skagafjarðar mun panta kassa og útvega bændum fyrst í stað.

Fiskinn má flytja með bílum eða flugi. Flugleiðir hafa boðið 50% afslátt á flutningsgjöldum frá Sauðárkróki, sem þá yrði um 5 kr/kg og hjá Vöruflutningum Magnúsar Svavarssonar kostar flutningur á hverju kg um 4 kr. Mér sýnist því að þökkunar og flutningskostnaður verði um 10-12 kr per kíló, og lágmarks skilaverð til bända því um 108 kr/kg.

Net til veiðanna fást nú víða. Óhætt er að vera með möskvastærðir niður í tæpa tommu (25 mm) á legg, en í flest vötn er heppileg möskvastærð neta 25-35 mm.

Eftirfarandi aðilar geta útvegað net:

Skagfjörð, Reykjavík. 29 og 32 mm net. 975 kr/netið. Þetta eru fremur gróf, sterk og þung net, en hafa víða gefist nokkuð vel, sérstaklega í byrjun.

Eyfjörð, Akureyri. 25, 27, 29, 32 og 35 mm net. Um 1100 kr/netið. Þessi net eru fremur létt og ekki eins gróf og Skagfjörð netin, en hafa reynst vel, sérstaklega 25, 27 og 29 mm netin.

Ellingsen, Reykjavík, eru með 23, 25, 27, 29, 32, og 35 mm net sem kosta frá 1200-1450 kr/netið. Þessi net eru úr grönnum þræði og veiða mjög vel, en endast ekki eins vel og grófu netin. Ef vel er með þau farið geta þau þó enst vel.

Jafnframt eiga Búnaðarsamband Skagafjarðar og Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar eitthvað af netum, einkum með 25, 29 og 32 mm möskva.

Að lokum vona ég að veiðibændur taki nú verulega við sér og stundi veiðarnar vel í ár. Umfram allt vil ég hvetja menn til að vanda vel til veiðanna og skila frá sér góðri vöru, en stöðugt framboð og vöruvöndun er forsenda þess að hægt sé að þróa góðan markað og byggja upp veiðarnar.

Viljir þú einhverjar frekari upplýsingar er þér velkomið að hafa samband.

---

Tumi Tómasson  
Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar  
Hólum, Hjaltadal.  
551 Sauðárkróki  
sími 95 6599.

8. janúar 1987

Kæri Jónmundur

Hér með fylgja leiðbeiningar um silungsveiðarnar í ár. Til að hægt sé að stjórna veiðum af skynsemi í framtíðinni, er mikilvægt að þú fyllir reglulega út veiðiskýrslur og skilir þeim til Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar. Notaðu eitt eiðublað fyrir hverja möskvastærð neta og hvert vatn sem þú veiðir í. Vanti þig eyðublöð skaltu hafa samband og þú færð þá fleiri send um hæl.

Eg lét fylgja með lista yfir aðra veiðibændur sem ég hef sent þessar upplýsingar til. Það gæti komið sér vel fyrir ykkur að skiptast á reynslu og hafa samvinnu um aðföng og flutning á silungi. Ef mér hefur láðst að senda einhverjum upplýsingar, sem þær ættu erindi til, þætti mér vant um ef þú létir vita.

Með bestu kveðju.

---

Tumi Tómasson

Jens Guðmundsson Gili 551 Sauðárkróki  
Hróómar Hjörleifsson Kimbastöðum 551 Sauðárkróki  
Viðar Agústsson Bergsstöðum 551 Sauðárkróki  
Sólberg Steindórsson Birkihlíð 551 Sauðárkróki  
Hróómar Margeirsson Ögmundarstöðum 551 Sauðárkróki  
Karl Eiríksson Vatnshlíð 560 Varmahlíð  
Jón Gissurarson Víðimýrarseli, 560 Varmahlíð  
Jónmundur Pálsson Miðmói 570 Fljót  
Georg Hermannson Ystamói 570 Fljót  
Zophanías Frimannsson Syðstamói 570 Fljót  
Sigurbjörn Þorláksson Langhúsum, 570 Fljót  
Björn Halldórsson Ketu, 551 Sauðárkróki  
Reynir Pálsson Stórubrekku, 570 Fljót  
Jón Kort Haganesi, 570 Fljót  
Haraldur Arnason Sjávarborg, 551 Sauðárkróki  
Sigurður Sigfússon Vík, 551 Sauðárkróki  
Halldór Hafstað Útvík, 551 Sauðárkróki  
Svavar Hjörleifsson Lyngholti, 551 Sauðárkróki  
Sigurbjörn Hjörleifsson Messuholti, 551 Sauðárkróki  
Hreinn Guðjónsson Selá, 551 Sauðárkróki  
Steinn Rögnvaldsson Hrauni, 551 Sauðárkróki  
Bjarni Egilsson Hvalnesi, 551 Sauðárkróki  
Leifur Þórarinnsson Keldudal, 551 Sauðárkróki  
Sigurjón Björnsson Garði, 551 Sauðárkrókur  
Halldór Jónsson Mannskaðahóli, 566 Hofsó  
Friðrik Antonsson Höfða, 566 Hofsó  
Valgeir Þorvaldsson Vatni, 566 Hofsó  
Reynir Gíslason Bæ, 566 Hofsó  
Eggert Jóhannsson Felli, 566 Hofsó  
Magnús Pétursson Hrauni II, 566 Hofsó  
Þórarinn Guðvarðsson Minnirkykjum, 570 Fljót  
Örn Þórarinnsson Ökrum, 570 Fljót